

Nr. 148 / 11 Skandia**Ásigling í Landeyjahöfn**

Skipaskr.nr. 2815
IMO 7013733
Smíðaður: Danmörk 1968, stál
Stærð: 615 brt
Mesta lengd: 58,10 m Skráð lengd: 52,75 m
Breidd: 10,3 m Dýpt: 4 m
Vél: M.A.K. 625 kW, 1968
Fjöldi skipverja: 7



Skandia©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 19. mars 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 3. desember 2011 um kl. 07:00 var dýpkunarskipið Skandia á leið inn í Landeyjahöfn. Djúprista: Framan 1,5 m og aftan 3,0 m.

Skipið hafði verið að losa efni fyrir utan höfnina og var á leið inn í hana aftur þegar það fékk á sig þrjú brot bakborðsmegin. Við þetta kastaðist skipið úr merkjum og á eystri hafnargarðinn með þeim afleiðingum að skemmdir urðu stjórnborðsmegin á stefni þess.



Myndin sýnir skemmdir á stefni. (Mynd©Eyjafréttir)

Við rannsókn kom fram:

- að veður og aðrar aðstæður kl. 07:00 voru skv. veður og sjólagsupplýsingum Siglingastofnunar Íslands:

Vindur: NV 6-8 m/s, -7,5°C.

Flóðhæð 1,1 m.

Kennialda 2,3 m, meðalsveiflutími 8,3 s, öldulengd 107,2 m

- að sögn skipstjórans var sjávardýpi í innsiglingamerkjum um 5,0 m og ölduhæð á dufli 4-5 metrar.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.